

Vettvangsathugun á fuglalífi í  
Hrútey í Mjóafirði  
í Ísafjarðardjúpi júlí 2004

Unnið fyrir Vegagerðina

Þorleifur Eiríksson

Böðvar Þórisson

Umsjón  
Kristján Kristjánsson  
Vegagerðin á Ísafirði

Júlí 2004  
NV nr. 11-04

Þann 10. júlí 2004 fóru starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða; Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson, í Hrútey í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi til að kanna fuglalíf. Farið var á bát frá Bolungarvík og var Jón Friðrik Jóhannsson skipstjóri, en auk þess var Gunnar Sigurðsson með í för.

Ferðin var farin, á vegum Vegagerðarinnar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, sérstaklega til að athuga hvort gulönd (*Mergus merganser*) verpti í eygni, en því hafði verið haldið fram að hún hefði verpt á þrem stöðum í eygni (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004).

Fuglaathuganir vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Mjóafirði og nágrenni (Kristján Kristjánsson o.fl. 2003; Böðvar Þórisson o.fl. 2003) voru gerðar á árunum 1998 – 2001 en auk þess eru til eldri athuganir af þessu svæði (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980; Þorleifur Eiríksson 1998). Þessar athuganir bentu ekki til þess að gulönd verpti í eygni eða nágrenni hennar. Aftur á móti var toppönd (*Mergus serrator*) algeng á svæðinu, en kvenfuglar þessara tegunda eru líkir og því möguleiki að um rugling hafi verið að ræða.

Hrútey er grasin vaxin og er hálmgresi ríkjandi á stórum svæðum (Arnín Óladóttir 2003). Torfrista hefur verið í eygni og hafa myndast tjarnir út frá því (Ragnar Edvardsson 2003). Fjaran í Hrútey er áþekkt fjörum annarsstaðar á Vestfjörðum þ.e. millistig að vera lítt sorfinn hnulungafjara og að vera klappa- og stórgrýtisfjara. Í fjörunni er mærudoppa (*Cyamium minutum*) ríkjandi en einnig er nokkuð af kræklingi (*Mytilus edulis*) neðarlega í fjörunni (Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2003).



Mynd 1. Hrútey í Mjóafirði í júlí 2004.

Ljós: NV/Böðvar Þórisson.




Mynd 2. Gróður í Hrútey í júlí 2004.  
Ljósmynd: NV/Þorleifur Eiríksson.

Þeir fuglar sem sást í vettvangsathuginni í og við Hrútey eru í töflu 1.

Tafla 1. Fuglategundir í og við Hrútey 10. júlí 2004.

Tegund <i>Latína</i>	Fj.	Lýsing
Fýll <i>Fulmarus glacialis</i>	x	Var í æti á sjónum við norðurenda eyjunnar
Toppönd <i>Mergus serrator</i>	5	Voru á sjónum og á flugi við eyna.
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i>	x	Voru út á sjó, sumar með unga.
Ríta <i>Rissa tridactyla</i>	14	Sátu á norðurenda eyjunnar.
Svartbakur <i>Larus marinus</i>	x	Á flugi og einnig á skeri nær Látrum.
Hvítmáfur <i>Larus hyperboreus</i>	x	Á flugi og einnig á skeri nær Látrum.
Hettumáfur <i>Larus ridibundus</i>	x	Á flugi yfir eyinni og nokkrir ungar úti á sjó.
Kría <i>Sterna paradisaea</i>	x	Varpið er 50-70 varppör.
Teista <i>Cephus grylle</i>	9	Nokkrar virtust líklegar til varps.
Lundi <i>Fratercula arctica</i>	x	Í æti út af norðurenda eyjunnar og á flugi.
Stelkur <i>Tringa totanus</i>	1	Einn fugl á flugi.
Hrossagaukur <i>Gallinago gallinago</i>	3	Eitt hreiður (4 egg) og þrjár á flugi.
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	6	Einn með tvo stálpaða unga, þar tístandi.
Sendlingur <i>Calidris maritima</i>	2	Sátu á steini, sumarbúningur.
Maríuerla <i>Motacilla alba</i>	2	Á flugi og settust í fjöruna.
Þúfutittlingur <i>Anthus pratensis</i>	5	Þrjár sátu á klöpp, líklega ungar.
Skógarþröstur <i>Turdus iliacus</i>	2	Einn sást með æti.



Mynd 3. Hrútey. Blá lína er fyrirhugaður vegur og stór hvítur hringur er þar sem kríuvarpið er þéttast. 1) Tjaldur með tvo stálpaða unga. 2) Þrjár teistur á sjónum. 3) Hrossagaukur með hreiður og 4 egg. 4) Toppendur, teista og lundi á sjónum. 5) Tjaldspar tístandi. 6) Toppandarhreiður með níu eggjum. 7) Yfirgefið grágæsahreiður og brotið egg. 8) Skógarþöstur með æti. 9) Toppandarkolla sat í fjörunni þegar komið var á bátnum.

Þegar komið var að eyggi þá flaug ein toppandarkolla af eyggi og fjórar aðrar sáust á flugi.

Byrjað var að athuga fugla frá suðurenda eyjarinnar og var strandsvæðið skoðað sérstaklega. Athugað var inn í allar holur og klettaglufur. Einnig var skoðað sérstaklega þar sem talið hafið verið gulandarhreiður.

Nokkuð var af fugli í æti út við norðurenda eyjunnar (mynd 3) og voru þetta aðallega fýll, lundi, rita og kría. Lundinn og krían sáust koma með síli frá þeim stað.

Kríuvarpið var nokkuð dreift en var samt aðallega á suðurhluta eyjarinnar og stærð þess á bilinu 50-70 pör.

Mófuglar eru flestir búnir eða langt komnir með varp á þessum tíma og sást því lítið af þeim. Þó fannst eitt hrossagaukshreiður og einnig sáust þúfutittlingsungar.

Þegar strandsvæðið var gengið þá fylgdi teistan okkur eftir og hefur líklega verið með hreiður á svæðinu.

Toppandakollurnar voru mikið á flugi í kringum eyjuna eða sátu á sjónum ekki langt frá þeim stað þar sem hreiðrið fannst. Alls sáust fimm kollur og flestar líklega með hreiður í eygni.

Eitt toppandarhreiður fannst á norðurenda eyjunnar (mynd 3). Hreiðrið fannst í þéttu melgresi og voru níu egg í því. Eggjin voru mæld og vigtuð (tafla 2, mynd 4-6).



Mynd 4. Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson við mælingar á toppandareggjunum. Böðvar situr við hreiðurstæðið (ljósm. NV/Gunnar Sigurðsson).



Mynd 5. Toppandarhreiður í norðurenda eyjunnar.  
Ljós. NV/Böðvar Þórisson.



Mynd 6. Toppandarhreiður og 9 egg.  
Ljós. NV/Böðvar Þórisson.

Tafla 2. Mælingar á eggjum toppandar.

Egg nr.	Massi g	Lengd mm	Breidd mm
1	65	62,9	46,3
2	65	62,3	45,7
3	75	61,6	47,1
4	60	63,8	44,4
5	65	62,4	46,7
6	65	62,7	46,3
7	70	63,0	46,3
8	65	64,0	46,1
9	65	65,1	45,4

Engin gulönd fannst í eygni eða út á sjó við eyna. Ólíklegt verður að teljast að gulönd verpi í Hrútey en varpstaðir hennar eru klettur í árgiljum, árbakkar og hólmar (Ævar Petersen 1998).

Að minnsta kosti fimm toppendur voru við eyna og voru flestar líklegar til varps. Eitt toppandarhreiður fannst og var það á svipuðum stað og meint staðsetning á gulandarhreiðri.

Hreiðrið var í melgresi og vel falið. Nokkrir aðrir staðir eru á eygni þar sem toppönd gæti verið með hreiður, m.a. þar sem gulandarhreiður voru talin vera.

Gulandarkolla líkist mjög toppandarkollu og getur verið erfitt að greina þar í sundur (Ævar Petersen 1998). Það er því líklegast að gulöndin verpi ekki í Hrútey, en meintar gulendur hafi í raun verið toppendur.

Heimildir:

Arnín Óladóttir. 2003. Gróðurfar á fyrirhugðu nýju vegstæði frá Eyri í Ísafirði að Hörtná við Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 2-03, 34 bls.

Arnbór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir í Öfundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Líffræðistofnun Íslands, fjölrit nr. 12.

Böðvar Þórisson, Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson. 2003. Fuglalíf frá Mjóafirði yfir í Ísafjörð. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 1-03.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ævar Petersen. 2000. Válisti 2 fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Kristján Kristjánsson, Gísli Eiríksson, Þorleifur Eiríksson, Böðvar Þórisson, Arnlín Óladóttir og Ragnar Edvardsson. 2003. Framkvæmdin: Djúpvegur (nr. 61) Eyrarhlíð-Hörtná í Súðavíkurbreppi. Mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin.

Ragnar Edvardsson. 2003. Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu. Viðbótarskýrsla. Unnið fyrir Vegagerðina. Fornleifastofnun og Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 5-03.

Þorleifur Eiríksson. 1998. Athuganir á fuglalífi í austanverðum Ísafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða.

Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2003. Fjörulíf í og við Hrútey í Mjóafirði og í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-03, 17 bls.

Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2004. Meint gulandarvarp í Hrútey í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 10-04.

Ævar Petersen. 1998. Íslenskir fuglar. Vaka-Helgafell hf.